

Nr. 21-119 S 079 Bára SH 27***Strandar (fer utan í sker)***

Skipaskr.nr.: 2274
 Útgerð: Royal Ic
 Smíðaður: Ísland, 1996, stál
 Stærð: 43,59 BT
 Mesta lengd: 17,14 m Skráð lengd: 15,07 m
 Breidd: 4,55 m Dýpt: 2,50 m
 Vél: Scania, 217 kW, 1996
 Fjöldi skipverja: 4



Bára©Brimbarinn

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA


Lokaskýrsla 4.apríl afgreidd 2022 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. nóvember 2021 var Bára SH á veiðum með ígulkeraplóg á Breiðafirði. Veður: VSV 8 m/s (veðurstöð Stykkishólmi). Á miðunum SV 12-18 m/s.

Á siglingu sigldi Bára SH utan í sker og sat utan í því um skamma stund. Báturinn losnaði af sjálfsdáðum og sigldi til hafnar í fylgd björgunarsveitarinnar Berserkja. Ekki kom leki að bátnum og skemmdir voru ekki sjáanlegar.

**Við rannsókn kom fram:**

- Skipstjóri ákvað að sigla sundið milli Æðarskers og Hvítbjarnareyjar þar sem hann áleit að þar væri sléttari sjór.
- Ígulkeraplógur var ekki hífður í gálga heldur var honum slakað á þilfar bátsins til öryggis vegna veðurs.
- Skipstjórinn var einn í stýrishúsinu en siglt var á 4 hn/klst.
- Á siglingunni fyrir strandið valt báturinn nokkuð og þurfti skipstjóri að fylgjast reglulega með hvort plógurinn rynni af stað.
- Báturinn var með TimeZero siglingakort þar sem skerið var ekki merkt;
- Skipstjóri kúplaði skrófu frá aðalvél.

- Skipstjóri sendi út neyðarkall kl 14:53, setti áhöfn í viðbragðsstöðu, lét hana klæðast björgunargöllum og lét fara fram lekaleit.
- Þegar ljóst var að enginn leki var að skipinu tók skipstjóri ákvörðun um að sigla norður fyrir Æðarsker og halda til hafnar.
- Eftir atvikið hafa verið tekin upp vinnubrögð þar sem plógur er bundinn niður eða fastskorðaður ef eitthvað er að veðri.

Nefndarálit:

Ástæða óhappsins er sú að skipstjórinn var ekki með óskipta athygli við siglinguna og fór of nærri skeri.

Sérstök ábending:

TimeZero er ekki viðurkennt siglingaforrit og má sjá fyrri ályktun varðandi strand á þessu sama skeri. (mál Nr.19-090 S 059)

Nefndin hvetur alla skipstjórnarmenn til að sjá til að ávallt séu um borð lögleg og leiðrétt sjókort yfir það svæði sem siglt er um til að tryggja öryggi skips og áhafnar.